

Áfallavernd

Vátryggjandi er Sjóvá Almennar líftryggingar hf., í vátryggingarskilmálum nefnt Sjóvá.

1. Hver er vátryggður?

Vátryggðir eru fastráðnir starfsmenn vátryggingartaka. Vátryggingartaki er sá vinnuveitandi sem gerir hóptrýggingarsamning við Sjóvá um Áfallavernd.

Vátryggingin nær ekki til starfsmanna sem ráðnir hafa verið tímabundnum ráðningarsamningi nema með sérstöku samkomulagi við gerð vátryggingarsamnings. Starfsmaðurinn þarf að hafa atvinnuleyfi á Íslandi og eiga jafnframt rétt til greiðslu bóta almannatrygginga á Íslandi.

Starfsmenn skulu vera að fullu vinnufærir þegar vátryggingin tekur gildi. Með fullri vinnufærni er átt við, að starfsmaðurinn geti leyst af hendi venjulega vinnu án takmarkana.

Starfsmaður sem ekki er með fulla vinnufærni þegar vátryggingin tekur gildi er ekki vátryggður fyrr en sex mánuðum eftir að hann hefur náð fullri vinnufærni. Starfsmaðurinn telst vera með fulla vinnufærni þrátt fyrir stutt tilfallandi veikindatímabil sem geta verið allt að sjö dagar.

2. Hvað er verið að vátryggja?

Vátryggingaratburður verður þegar starfsmaður verður fyrir sálrænu áfalli eða á við geðræna sjúkdóma að etja sem leiða til skertrar vinnufærni að hluta eða öllu leyti.

Sálrænt áfall er:

Þegar snöggar breytingar verða á einkahögum eða í starfsumhverfi viðkomandi t.d. áfall, missir, skilnaður, einelti. Afleiðingar áfalls geta komið fram sem einbeitingarskortur, úthaldsleysi, þreyta, svefntruflanir, skapsveiflur, breytingar á matarvenjum, áhætta á misnotkun vímuefna og tilhneiging til einangrunar.

Geðrænir sjúkdómar eru:

Þeir geðrænu sjúkdómar sem sérstaklega hafa verið greindir af læknum og vátryggður þarfnast íhlutunar vegna, t.d. þunglyndi, geðhvörf, geðklofi o.fl.

Vátryggingin nær til atvinnulegrar endurhæfingar í vátryggingaratburðar sem ætla má að geti leitt til skertrar starfsgetu vátryggðs. Vátryggingin tekur til einvörðungu til vátryggingaratburðar sem á sér stað á vátryggingartímabilinu.

Tengdir sjúkdómar eða veikindi teljast vera einn vátryggingaratburður. Þetta gildir þó ekki ef meðferð er lokið og vátryggður hefur haldið óskertri starfsgetu í meira en tólf mánuði og á því tímabili hafi hann ekki sýnt nein merki um að andlegri heilsu hans hafi verið ábótavant.

Vátryggingaratburður veitir rétt til aðgangs að þjónustu sem nánar er skilgreind í þessum skilmálum og greiðir Sjóvá kostnað við þá þjónustu. Vátryggingin veitir ekki rétt til beinna greiðslna til vátryggingartaka eða vátryggðs.

3. Tilkynningar og upphafsráðgjöf

Trúnaðarmaður vátryggingartaka skal hafa beint samband við Hlutverkasetur þegar hann telur að vátryggingaratburður hafi orðið, sbr. 2.gr. skilmála þessara. Hægt er að hafa samband hvenær sem er og tryggt er að starfsmaður fái aðstoð innan 24 klukkustunda.

Hlutverkasetur er rekið af fyrirtækinu AE starfsendurhæfingu ehf.

Þá fer fram mat á starfsgetu starfsmanns og þörf fyrir meðferð. Upphafsráðgjöf þessi er í höndum ráðgjafa Hlutverkasetur. Ráðgjafinn leggur mat á færni starfsmanns, þörf á meðferð og gerir íhlutunaráætlun í samræmi við þjónustuþætti vátryggingarinnar. Trúnaðarlæknir Sjóvár leggur mat á íhlutunaráætlun í kjölfarið. Ef þörf krefur er haldinn fundur með málsaðilum þar sem matsniðurstöður og tímaáætlun eru ræddar í þeim tilgangi að ná sem bestum árangri fyrir starfsmann.

4. Þjónustupættir váttryggingarinnar

4.1. Einstaklingsstuðningur

Váttryggingin tekur til einstaklingsstuðnings við starfsmann. Tilgangur einstaklingsstuðningsins er að gera starfsmanni kleift að halda áfram að vinna. Einstaklingsstuðningur skal eiga sér stað á Íslandi og felur í sér að starfsmaður fær viðtal við sérfræðing sem hefur réttindi og hæfni til að sinna slíkum stuðningi.

Váttryggingin greiðir að hámarki fyrir 15 klukkutíma í einstaklingsstuðningi vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar og vegna hvers starfsmanns

4.2. Hóp- og samherjastuðningur

Váttryggingin tekur til hóp- og samherjastuðnings við starfsmann. Tilgangur þess er að gera starfsmanni kleift að ræða við fólk með svipaða reynslu og aðstoða hann í endurhæfingarferlinu. Hóp- og samherjastuðningur skal eiga sér stað innan Hlutverkaseturs, eða í samsvarandi umhverfi sem Hlutverkasetur og Sjóvá hafa samþykkt.

Váttryggingin greiðir að hámarki fyrir 10 klukkutíma í hóp- og samherjastuðning vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar og vegna hvers starfsmanns.

4.3. Kynning og fræðsla

Váttryggingin felur í sér þjónustu við váttryggingartaka í formi kynningar og fræðslu. Í samningi váttryggingartaka og félagsins er nánar kveðið á um hvernig kynningu og fræðslu skal háttáð.

5. Takmarkanir á váttryggingarvernd

5.1. Lengd meðferðar

Vegna eins og sama váttryggingaratburðar er þjónusta veitt að hámarki í eitt ár frá því að endurhæfingarráðgjöf hófst. Þetta gildir þrátt fyrir að öll meðferðarúrræði skv. skilmálum þessum séu ekki tæmd á því ári.

5.2. Sérstakar takmarkanir

Váttryggingin tekur ekki til:

- Vegna annarrar meðferðar sem getið er í 4.gr. skilmála þessara, svo sem kostnaðar vegna læknis- eða meðferðarþjónustu annarra en þeirra en ráðgjafi Hlutverkaseturs bendir á.
- ferða til og frá þeim stað þar sem meðferðin fer fram.
- starfsmanna sem staðsettir eru erlendis.
- atvika sem geta komið til við uppsögn starfsmanns.
- starfs- og endurmenntunarpjálfunar starfsmanns.

6. Almenn samningsákvæði

6.1. Váttryggingarsamningurinn

Um váttryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Sérstökum samningi við váttryggingartaka um Áfallavernd
- váttryggingarskírteini
- váttryggingarskilmálum
- lögum nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

6.2. Endurnýjun - uppsögn - iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á váttryggingartímabilinu

Endurnýjun - uppsögn

Váttryggingin endurnýjast á gjalddaga til eins árs í senn, hafi henni ekki verið sagt upp. Ætli félagið ekki að framlengja váttrygginguna fram yfir þann tíma mun það tilkynna váttryggingartaka um það með ekki skemmri tíma en tveimur mánuðum fyrir lok váttryggingartímabilsins. Um uppsögnina gilda reglur 79.gr., sbr. 76. gr. laga nr. 30/2004 eftir því sem við á.

Iðgjaldið

Vátryggingartaki skal greiða iðgjald til félagsins. Iðgjald ræðst af gildandi iðgjaldaskrá félagsins.

Vanskil

Sé iðgjald ógreitt þegar greiðslufresti lýkur, getur félagið sent nýja tilkynningu þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjald ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur vátryggingin þegar niður, sbr. 96. gr. laga nr. 30/2004.

Uppgjör ef samningi er slitið á vátryggingartímabilinu

Ef vátryggingarsamningnum er slitið á vátryggingartímabilinu, á félagið rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem vátryggingin var í gildi. Þetta gildir ekki þegar vátryggingarburður hefur orðið á vátryggingartímabilinu sem veitir rétt til greiðslu bóta sem samsvara iðgjaldi því sem greitt hefur verið.

6.5. Frestur til að tilkynna um vátryggingarburð

Vátryggingartaki getur glatað rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;
2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004.

6.6. Fyrning

Kröfur um bætur úr vátryggingu þessari fyrnast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004.

6.7. Breyting á vátryggingarskilmálum og iðgjaldagrundvelli

Félagið áskilur sér rétt til breytinga á vátryggingarskilmálum og iðgjaldaskrá á meðan samningur um Áfallavernd er í gildi.

6.8. Réttur til uppsagnar á vátryggingartímanum

Félagið getur sagt upp vátryggingunni, ef einhver eftirtalinn atvika eiga við:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
2. ef vátryggingartaki hefur viðhaft sviksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;
3. ef rangar eða ófullnægjandi upplýsingar hafa verið veittar félaginu við uppgjör bóta sbr. 2. og 3. mgr. 120 gr. laga nr. 30/2004;

Um uppsagnarfrest vátryggingartaka er kveðið á um í samningi um Áfallavernd annars er hann einn mánuður fyrir endurnýjunardag.

6.9. Ágreiningur

Verði ágreiningur um vátrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum sker úr ágreiningu um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

6.10. Þagnarskylda - Vernd persónuupplýsinga

Farið er með upplýsingar um váttrygginguna sem trúnaðarmál. Samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 á sá sem upplýsingar eru skráðar um rétt á að fá upplýsingar hjá félaginu um vinnslu persónuupplýsinga um sig auk þess sem hann á rétt á því að félagið leiðrétti rangar, villandi eða ófullkomnar upplýsingar.

Félagið notar þær persónuupplýsingar sem aflað er vegna váttrygginga aðeins við mat á váttryggingavernd og við afgreiðslu bóttakrafna, upplýsingagjöf til váttryggingartaka og váttryggðra og við aðra eðlilega starfsemi félagsins.

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi og trúnað við meðferð persónuupplýsinga. Upplýsingar um viðskiptavini félagsins eru ekki afhentar þriðja manni nema samkvæmt skýru umboði, lögum eða dómsúrskurði. Félagið áskilur það sama í samningum sínum við þjónustuaðila skv. váttryggingu þessari.

Skilmálar þessir gilda frá 1. ágúst 2008

Upplýsingar:

Ef spurningar vakna um váttryggingarsamning skal hafa samband við:

Sjóvá Almennar líftryggingar hf.

Kringlunni 5

103 Reykjavík

www.sjova.is

Við skipulag og samhæfingu Áfallaverndar skal hafa samband við:

Hlutverkasetur

Laugavegi 26,

101 Reykjavík

www.hlutverkasetur.is

[Efst á skjal](#)